

Markmið / tilgangur

Að SÍH styðji eftir bestu getu við bakið á keppnismönnum félagsins á hverjum tíma. Keppnismenn í þessu samhengi teljast einungis þeir sem keppa þrisvar sinnum eða oftar fyrir félagið á hverju keppnisári. Að styrkjum sé úthlutað í samræmi við árangur og eftir markvissum og sanngjörnum reglum. Að tryggt sé að styrkir fari í það eða til þeirra sem þeim var ætlað við umsókn eða styrkveitandi hefur gefið fyrirmæli um.

Ábyrgðarmenn:

Formaður og gjaldkeri SÍH

Lýsing:

Almennt.

Tryggt skal að styrkir til afmarkaðs málefni séu merktir því verkefni og ekki notaðir í annað. Gjaldkeri SÍH heldur yfirlit yfir alla greidda styrki. Styrki skal greiða í formi hringja nema í sérstökum tilfellum samkvæmt ákvörðun stjórnar.

Styrkir frá velunnurum félagsins.

Ef velunnari félagsins veitir félaginu sjálfu, ákveðnu málefni eða ákveðnum hóp styrk án sérstakra skilyrða skal gera skriflegar reglur um notkun eða útdelingu á styrknum og bera undir velgjörðaraðilann. Ef ástæða þykir til að mati stjórnar skal gjaldkeri stofna sérstakan bankareikning til umhalds á styrknum og skrá færslur af honum undir sérstakan lið í bókhaldi.

Styrkir velunnara til einstakra félagsmanna

Ef einstaka félagsmaður verður sér út um styrk frá fyrirtæki eða einstaklingi skal hann njóta hans alfarið sjálfur. Ef þess er óskað að félagið gefi út reikning á mótí styrknum skal það gert með reikning fyrir auglýsingu sem styrkþegi sér um að verði styrkveitenda að gagni.

Aðrir styrkir

Rekstrarstyrkir frá Hafnarfjarðarbæ sem og lotto og kennslustyrkir fara í almennan rekstur og útbreiðslu félagsins eða annað samkvæmt ákvörðun stjórnar.

Styrkir sem félagið veitir úr eigin sjóðum

Þeir félagsmenn sem vinna til afreka eða skara fram úr á annan hátt geta sótt um styrki til félagsins. Það er alfarið á valdi stjórnar hverju sinni hvaða umfjöllun umsóknin fær. Í umsókninni skal koma fram til hvers á að nota styrkinn ásamt æfinga- og keppnisáætlun.

Styrkþegi skal skila inn skýrslu til félagsins um árangur af styrkveitingunni strax að verkefni loknu.

Árangurstengdir styrkir

Skotíþróttafélag Hafnarfjarðar leitast við að veita árangurstengda styrki og aðra styrki sem hvetja félagsmenn til að keppa fyrir hönd félagsins. Það er alfarið á valdi stjórnar hverju sinni að ákveða fyrirkomulag og upphæðir þessara styrkja.

Styrkir vegna mótagjalda í landsmótum.

Keppendur greiði sjálfir mótagjöld í mótum.

Þegar keppnismaður hefur tekið þátt í þrem landsmótum fyrir hönd félagsins getur hann sótt um styrk í formi lægra verðs á dúfum til frekari æfinga.

Ef ljóst er að sá sem er á slíkum kjörum stendur ekki undir kröfunni um þátttöku á þrem landsmótum á keppnisárinu skal loka á æfingamöguleika hans á þeim verðum þar til búið er að leiðrétta verðið til baka. Þeir sem fullnægja kröfunum í lok árs byrja á sömu kjörum á nýju ári og halda þeim þar til annað kemur í ljós undir lok keppnistímabilsins.

SÍH open eða önnur opin mót gilda ekki í þessu samhengi.

Sjá reglur keppnismanna SÍH, skjal nr. [602](#).

Annað

Það er hlutverk keppenda sjálfra að vekja athygli stjórnar SÍH á árangri sínum og skal það gert með því að þeir sækja um styrkinn til stjórnar.

Styrki skal vera búið að sækja um til stjórnar fyrir áramót á því ári sem styrkurinn er veittur fyrir. Að öðrum kosti fellur styrkurinn niður.

Eftirfarandi tekur gildi frá og með 01.01.2017

Þeir keppnismenn sem hætta að keppna fyrir félagið eða færa keppnisrétt sinn til annarra félaga fyrirgera samstundis rétti sínum til að njóta þeirra styrkja sem þeir hafa unnið til eða þegar fengið frá félaginu. (minnst þrjú landsmót á keppnistímabili) Korti viðkomandi er þá lokað þar til því hefur verið breytt í réttan verðflokk.

Samningsbundnir keppnismen:

Keppnismenn SÍH undir handleiðslu þjálfara.

Keppnismenn á 3. þjálfunarstigi skulu gera samning við þjálfara og SÍH.

Sjá leiðbeiningu [604](#) í gæðahandbók.